

**AUGLÝSING**  
**um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli**  
**skuli tekinn í borgaraleg not.**

1. gr.

Sá hluti starfssvæðis Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., sbr. 4. gr. laga nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, sem nefndur er svæði III á fylgiskjali með auglýsingu nr. 38/2007, er ekki lengur varnarsvæði. Svæði þetta má því taka í borgaraleg not, þar gilda almenn lög og stjórnvaldsfyrirmæli og yfirstjórn málaflokka er sú sama og annars staðar í landinu.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytinu, 4. júní 2010.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

---

*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*

---

**B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2010**